

Samkomulag Wapp Walking app og Garðabæjar um skráningu og birtingu leiðarlýsinga í Wappinu

Almennt um Wappið

Wappið (Walking app) er íslenskt leiðsagnarapp fyrir snjallsíma á ensku og íslensku með fjölbreyttum leiðarlýsingum um allt land. Leiðarlýsingarnar eru byggðar á gps punktum, með kortagrunni frá Samsýn og forritun annast Stokkur ehf. Tvenns konar leiðarlýsingar eru í boði. Annars vegar hreyfileiðir sem eru með minniháttar upplýsingum um umhverfið og frekar lögð áhersla á að sýna þægilega hlaupa- eða hjólaleið og hins vegar söguleiðir með leiðsögn þar sem eru upplýsingapunktur á hverri leið sem veita upplýsingar í texta og oft með mynd um það sem ástæða þykir til að segja frá í náttúru og umhverfi, úr þjóðsögum eða af lífi fólks á svæðinu fyrir og nú.

Leiðarlýsingarnar eru ritstýrðar til þess að veita þeim sama yfirbragð og einnig til að tryggja góð gæði. Hægt er að endurskoða leiðir eftir á, breyta þeim, hvíla þær eða taka úr umferð ef ástæða þykir til. Það getur til dæmis verið vegna ágangs á umhverfið og lífríkið, vegna öryggis vegfarenda eða annars. Í Wappinu eru einnig upplýsingar um árstíðabundinn aðgang, erfiðleikastig, uppsafnaða hækkun, vegalengd og áætlaðan tíma í göngu.

Wappið sjálft ókeypis og svo verða leiðarlýsingar annars vegar í boði kostenda (sem fá þá auglýsingu í staðinn í leiðarlýsingunni) og kosta því ekki notandann neitt og hins vegar kosta dagsgöngur á bilinu 100-300 kr. Verðið fer eftir lengd, umfangi upplýsinga og getur einnig ráðist af eftirspurn. Notendur þurfa að vera með reikning á Itunes eða á Playstore til að geta hlaðið leiðunum á símana, leiðir eru verslaðar með sama hætti hvort sem það þarf að borga fyrir þær eða ekki.

Hreyfileiðir

Hreyfileiðir eru með minniháttar upplýsingum um umhverfið, en þó fjallað í inngangi um svæðið og ef eitthvað sérstakt þarf að hafa í huga á leiðinni eða hvort árstíðabundnar aðstæður geta verið mjög breytilegar. Megináhersla lögð á að sýna þægilega göngu, hlaupa- eða hjólaleið þar sem upplýsingar koma um hækkun á leið, vegalengd o.s.frv.

Íþróttamiðstöð Álftanesi

Gert er ráð fyrir að setja niður tvo hlaupahringi og eina hjólaleið þar sem upphafsstaður er við Íþróttamiðstöðina á Álftanesi. Stefnt er að því að velja með einhverjum hætti ólíkar leiðir fyrir hlaup og hjól sérstaklega ef stígar eru þröngir, en hins vegar geta þessar leiðir óhjákvæmilega skarast á köflum. Leiðirnar verða valdar í samráði við hlaupa/hjólahóp.

Hlaupahringir

Tveir hringir sem miða við um það bil 5 km og 10 km vegalengdir.

Hjólahringur

Miðast við einn 10 km hring.

Íþróttamiðstöðin Ásgarði

Gert er ráð fyrir að setja niður þrjá hlaupahringi og eina hjólaleið þar sem upphafsstaður er við Ásgarð. Stefnt er að því að velja með einhverjum hætti ólíkar leiðir fyrir hlaup og hjól sérstaklega ef stígar eru þröngir, en hins vegar geta þessar leiðir óhjákvæmilega skarast á köflum. Leiðirnar verða valdar í samráði við hlaupa/hjólahóp.

Hlaupahringir

Þrír hringir sem miðast við 5 km, 10 km og 15 km vegalengdir.

Hjólahringur

Miðast við einn 10 km hring.

Kostnaður við hreyfileiðir

Hver leið er kr. 35.000 á ári. Innifalinn stofnkostnaður, innsetning og þýðingar.

Alls kr. 490.000 fyrir sjö leiðir í tvö ár.

Söguleiðir

Söguleiðir eru leiðir með leiðsögn þar sem eru upplýsingapunktur á réttum stöðum sem veita upplýsingar í texta og oftast með mynd um það sem ástæða þykir til að segja frá í náttúru og umhverfi, úr þjóðsögum eða af lífi fólks á svæðinu fyrir og nú.

Gálgahraun - Fógetastígur

Byrja við hringtorgið þar sem skilti eru. Þar eru nokkur bílastæði ef á þarf að halda. Gengið er meðfram sjávarsíðunni að Gálgaklettum og fógetastígur þræddur til baka á upphafsstað. Fjölbreytt fræðsla á leiðinni.

Innifalið: samantekt á upplýsingum, ljósmyndir, ritun, þýðing á ensku, GPS hnitsetning, innsetning og útgáfa. Verð 250.000

Hraunstígur (framhjá atvinnubótavegi)

Byrja hjá minjagarðinum skammt frá kirkjunni. Þar eru bílastæði ef á þarf að halda. Gengið er meðfram Flatahverfi og niður að hrauni og eftir stígum í hrauninu í góðan hring m.a. neðan við Vífilsstaði og svo aftur á upphafsstað. Nánari útfærsla bíður.

Innifalið: samantekt á upplýsingum, ljósmyndir, ritun, þýðing á ensku, GPS hnitsetning, innsetning og útgáfa. Verð 250.000

Umhverfis Bessastaðatjörn

Gangan hefst við Kasthúsatjörn þar sem eru nokkur bílastæði og gengið meðfram sjávarsíðunni í norðurátt og útfyrir Bessastaðatjörn og eftir vegalslóða til baka í áttina að Bessastöðum og svo eftir Bessastaðavegi og eftir göngustíg aftur að Kasthúsatjörn.

Innifalið: samantekt á upplýsingum, ljósmyndir, ritun, þýðing á ensku, GPS hnitsetning, innsetning og útgáfa. Verð 250.000

Alls kr. 750.000

Opna áður útgefnar söguleiðir

Eins og fyrr sagði eru söguleiðir með leiðsögn þar sem eru upplýsingapunktur á réttum stöðum sem veita upplýsingar í texta og oftast með mynd um það sem ástæða þykir til að segja frá í náttúru og umhverfi, úr þjóðsögum eða af lífi fólks á svæðinu fyrr og nú. Þessar leiðir voru útgefnar á síðustu mánuðum og því eru þær á aðeins lægra verði en söguleiðirnar sem á eftir að vinna.

Vífilsstaðavatn og Gunnhildur

Rétt tæplega 1000 orða lýsing á umhverfi, náttúru og sögu á svæðinu í kringum Vífilsstaðavatn.

Verð kr. 240.000

Búrfellsgjá

900 orða lýsing á umhverfi, náttúru og sögu á svæðinu í kringum Búrfellsgjá.

Verð kr. 240.000

Umhverfis Bessastaði

Rúmlega 1000 orða lýsing á umhverfi, náttúru og sögu á svæðinu í kringum Bessastaði á Álftanesi.

Verð kr. 180.000

Alls kr. 600.000

Samtals kostnaður

Samtals eru þetta kr. 1.840.000.

Miðað allan samninginn þá væri ásættanlegt að veita 30% afslátt og þá eru þetta alls kr. 1.300.000 +
vsk.

Gildistími og fleira

Gert er ráð fyrir að leiðir séu opnar í tvö ár frá því að þær hafa verið útgefnar. Það þarf að skoða betur hvernig hægt er að útfæra kort sem sýnir leiðirnar og yrði á vefsíðu Garðabæjar.

Það þarf að útbúa sér klausu um aðgang ykkar að gagnagrunni varðandi leiðarlýsingar í Garðabæ ef og þegar þið gefið út þjónustuapp fyrir Garðabæ. Það er ekki frágengið hvernig gjaldtöku yrði háttað fyrir slíka þjónustu, en ef samningur yrði framlengdur eftir að gildistíma lýkur, þá gæti slíkur aðgangur verið hluti af samningnum.

Athugið að almennt er ódýrara að bjóða upp á leiðir í þéttbýli en í dreifbýli vegna samnings við Samsýn vegna kortagrunnsins.

Ef vilji er fyrir áframhaldi á samstarfi að tveimur árum liðnum er gengið út frá því að kostnaður á ári við að halda leiðunum opnum fari ekki yfir 20% af stofnkostnaði við hverja leið.

Dagsetningar

Söguleið um Fógetastíg/Gálgahraun verður opnuð fyrir 9. júní 2016 ásamt áður útgefnum söguleiðum um Vífilsstaðavatn/Gunnhildi, Búrfellsgjá og umhverfis Bessastaði. Aðrar söguleiðir og hreyfileiðir verða gefnar út haustið 2016. Greiðslum verður skipt miðað við útgáfudaga sögu- og hreyfileiða.